

LOBADUR 2K DUO

LOBADUR 2K Duo er glært, tvíþátta, vatnsþynnanlegt, 100% pólýúretanlakk með einstakt slitþol.

Áferð:
Hálfmött.

Herðir:
Fyrir notkun skal blanda herði tryggilega saman við lakkið í rúmmálshlutföllum 10 hlutar **LOBADUR 2K Duo** og 1 hluti herðir.



LOBADUR 2K Duo er einkum ætlað á parket og önnur viðargólf, þar sem hæstu kröfur eru gerðar til slitstyrks.

Notatími:
Blanda lakks og herðis verður ónothæf eftir 2 klst.

Lökkun:
LOBADUR 2K Duo má bera á flötinn með pensli, rúllu eða filtpúða. Mikilvægt er að efnisáburður sé jafn og í samræmi við fyrirskrifaða efnisnotkun.

Þynnir:
Skal nota án þynningar.

Hreinsun áhalda:
Vatn, strax eftir notkun.

Gólf tekið í notkun:
Einum sólarhring eftir síðustu lakkunferð. Ekki er rétt að leggja mottur á flötinn fyrr en eftir um það bil eina viku.

Þurrktími:
1/2 - 1 klst. við 20°C.

Yfirlökkun:
Eftir 4 - 6 klst. við 20°C.

Gljái:
Um 18 (60°).

Þykkt (flæðiseigja):
Um 23 sek. (DIN 4; 25°C).

Eðlismassi:
Um 1,05 g/ml (25°C).

Þurrefni:
Um 36% af massa.

Efnisnotkun:
Um 0,10 - 0,12 l/m² í umferð, (1 lítri á hverja 8 - 10 fermetra)

Lágmarks vinnsluhitastig:
Bæði lakkið og flöturinn verða að vera yfir 18°C.